

Fundur í skólaráði 04.11.2021

Mættir: Arna Björk Þórðardóttir fulltrúi nærsamfélagsins, Soffía Weissappel og Jón Óttarr Karlsson fulltrúar kennara, Helena Jóna Ragnarsdóttir og Óttar Örn Sigfússon fulltrúar nemenda og Magnea Einarsdóttir skólastjóri

Nýir fulltrúar í nemendaráði fá upplýsingar um skólaráð og starfsemi þess.

Nemendur segja að þeim líði vel í skólanum og ánægð með IGLÓ, mæting þar oft góð og aðstaðan vel nýtt í hádeginu þar sem hægt er að fara í pool o.fl. Nemendur óska samt eftir því að IGLÓ fái aðstöðu annars staðar í stærra rými svo hægt sé að halda stærri böll. Þeim finnst óþægilegt að það sé gluggalaust í aðstöðunni og stundum drungalegt niðri. Það sem þeim finnst gott við IGLÓ er skrifstofuaðstaðan fyrir nemendaráð, fjölbreytt og góð dagskrá.

Varðandi stundatöflu í skólanum þá nefna nemendur að þeir vilji hafa hafa sem mest tvöfalda tíma frekar en einfalda þar sem þeir nýtist betur. Varðandi vinnutíma sem eru nýir á unglíngastigi þá leggja þeir til að hafa fjóra slíka á viku í stað sex, en eru ánægð með tímana og finnst þeim nýttast vel.

Nemendur segjast vera almennt ánægðir með kennslu og að oftast sé vinnufriður og góðar upplýsingar á mentor varðandi námið. Þeir nefna að það hafi verið stökk að fara frá miðstigi og upp á unglíngastig, það hafi tekið smá tíma að venjast því en það hafi tekist.

Rætt er um samskipti milli nemenda, mörg og markaleysi þar, nauðsyn þess að bera virðingu fyrir hvert öðru. Einnig rætt um mætingar í sund sem minnka á unglíngastigi, sérstaklega hjá stelpum. Skiptar skoðanir um hvort það eigi að kynjaskipta í sund eða ekki. Almennt eru nemendur ánægðir með matinn en óska eftir meira af grænmetisréttum og fjölbreytni.

Farið er yfir aðstöðu unglínginga í skólanum og endurnýjun á henni sem fyrirhuguð er í „gryfjunni“. Ítrekuð er ósk fyrir battavelli og körfuboltavelli á skólalóð.

Fundi slitið

Brynjar Ólafsson ritar fundargerð